

Mánudaginn 28. mars 1994.

Nr. 146/1994. **Rannsóknarlögregla ríkisins**
 gegn
Bergþóru Guðmundsdóttur
 (Sigurbjörn Magnússon hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald. C-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediksdóttir, settur hæstaréttardómari.

Varnaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 23. mars sl., er barst Hæstarétti ásamt kærumálgögnum næsta dag. Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og sér dæmdur kærumálskostnaður.

Sóknaraðili krefst staðfestingar á úrskurði héraðsdómara.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 23. mars 1994.

Ár 1994, miðvikudaginn 23. mars, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgarspítalanum í Reykjavík af Ingveldi Einarsdóttur fulltrúa dómstjóra, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur lagt fram kröfu þess efnis að Bergþóru Guðmundsdóttur, kt. 161161-3069, Grettisgötu 56a, Reykjavík, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 6. maí nk. kl. 16.00 vegna grunar um brot gegn 1. mgr. 155. gr. alm. hgl. nr. 19/1940.

Bergþóra Guðmundsdóttir var handtekin af lögreglunni í Reykjavík þann 21. mars sl. vegna grunar um tékkafals að undanfögnu. Við yfirheyrslur hjá RLR játaði hún fölsun og notkun á þremur fölsuðum tékkum í febrúar sl., samtals að fjárhæð kr. 80.000,-, auk þess sem hún gekkst við að hafa stolið og fasað framsal á tékka, að fjárhæð kr. 30.000,-, sem hún notaði þann 29.11.1993.

Þá játaði hún fyrir réttinum að hafa ritað og notað tékka, að fjárhæð kr. 25.000,00, í viðskiptum þann 10. febrúar 1994 við verslunina Byggt og býið, Kringlunni, en tékkinn var stolinn.

Á tímabilinu 3. janúar 1994 til 14. mars 1994 hafa verið send 30 mál til ríkissaksóknara frá RLR er varða ætluð þjófnaðar- og skjalafalsbrot kærðu og er að vænta ákæru í þeim málum fyrir páska samkvæmt upplýsingum frá embætti ríkissaksóknara.

Þá kemur fram í kröfugerð rannsóknarlögreglu, að enn sé ólokið rannsókn í 13 RLR-málum, þar sem kærða komi við sögu, og stöðugt bætist við ný mál.

Þann 30.12.1993 var kærða dæmd í 7 mánaða fangelsi, þar af 2 mánuði óskilorðsbundna, vegna þjófnaðar- og tékkafalsbrota.

Af hálfu verjanda kærðu hefur því verið haldið fram að brostnar forsendur séu fyrir kröfugerð RLR um gæsluvarðhald, þar sem kærða hefur lýst því yfir að hún sé reiðubúin að hefja afplánun nú þegar og eigi því e-liður 103. gr. laga nr. 19/1991 ekki við.

Sú yfirlýsing, sem gefin hefur verið af Fangelsismálastjórn, að kærða geti ekki hafið afplánun dóms þess, sem upp var kveðinn 30.12.1993, þar sem ekki sé rými til vistunar í afplánunarfangelsum fyrir kærðu eins og er, getur haft þá þýðingu fyrir kærðu að hún verði frjáls ferða sinna. Með hliðsjón af brotaferli kærðu má ætla að hún muni halda áfram brotum meðan máli hennar er ekki lokið, en komið hefur fram í gögnum málsins að ákæru sé að vænta fyrir páska. Verður því með hliðsjón af ofangreindu og vísan til e-liðar 103. gr. laga nr. 19/1991 að fallast á kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins eins og hún er fram sett.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærða, Bergþóra Guðmundsdóttir, sæti gæsluvarðhaldi allt til kl. 16.00 föstudaginn 6. maí nk.
